

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 15. desember 2016
UST201612-032/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - þjónustumiðstöð – Hveravellir. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem fram komi álit stofnunarinnar á því hvort endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild sinni. Í því efni er sérstaklega óskað eftir því að tekin verði afstaða til þess hvort forsendur hafi breyst verulega frá því að úrskurður Skipulagsstofnunar lá fyrir.

Umhverfisstofnun vill benda á að mat á umhverfisáhrifum þjónustumiðstöðvar sem hér er til umfjöllunar er frá árinu 1996. Engan veginn var unnt á þeim tíma að sjá fyrir þær breytingar á ferðamennsku á Íslandi sem orðið hafa frá 2008-2016. Eins og sjá má af breytingum á skipulagi svæðisins hefur verið reynt að bregðast við breytingum með þeim hætti að reyna að aðlagta skipulag að auknum fjölda ferðamanna og auknum kröfum.

Umhverfisstofnun telur í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á allra síðustu árum eigi að meta að nýju umhverfisáhrif breytinga á ferðaþjónustu á Hveravöllum þannig að þessi mál verði skoðuð á heildstæðari og nákvæmari hátt en unnt er að gera í aðal- og deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun vill benda á að í stað gistiskála er nú ráðgert að byggja hótel fyrir 120 gesti ásamt stóru bílastæði á Hveravöllum. Í landsskipulagsstefnu eru settar fram áherslur um uppbyggingu á hálandi Íslands, þar segir m.a. að staðið verði vörð um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu skulu taka mið af þessu. Hveravellir eru meðal þeirra hálandismiðstöðva sem skilgreindar eru með eftirfanrandi hætti í landsskipulagsstefnu: Gisting er almennt í gistiskálum, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007, auk tjaldstæða. Einnig er möguleiki á að bjóða upp á hótel- og gistiheimiliagistingu, sbr. reglugerð nr. 585/2007, enda sé slík gisting aðeins hluti gistiframboðs á viðkomandi stað og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun.

Umhverfisstofnun telur að nýtt mat á umhverfisáhrifum þjónustumiðstöðvar á Hveravöllum væri kjörinn vettvangur til að meta hvers konar starfsemi og mannvirkji falli að kröfum um óbyggðaupplifun á hálandinu.

Umhverfisstofnun vill benda á að hluti fyrirhugaðrar framkvæmdar er inna svæðis sem er friðlýst sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1975 og þar er öll mannvirkjagerð og jarðrask háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Hér er því um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða sem að hluta til eru innan friðlýsts svæðis. Tilkoma hótels á Hveravöllum mun breyta verulega ásýnd svæðisins og mögulega leiða til aukins álags á viðkvaðt svæði og upplifun þeirra sem um svæðið fara. Einnig gæti aukin vatnstaka samfara aukinn uppbyggingu haft neikvæð áhrif á vatnsbúskap hverasvæðisins. Því telur Umhverfisstofnun að fara ætti

fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sbr. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.


Umhverfisstofnun telur að með breyttum áherslum varðandi umfangs mannvirkjagerðar og aukinna umsvifa á Hveravöllum ætti við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar að fjalla ítarlega um mögulegar lausnir í fráveitumálum á svæðinu í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, með síðari breytingum.


Umhverfisstofnun bendir á að ný lög um náttúruvernd hafa tekið gildi en eitt af markmiðum þeirra laga er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.

Í 69. gr. laga nr. 60/2013 segir að við hönnun vega og mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands og skal taka afstöðu til þess við mat á umhverfisáhrifum og við leyfisveitingar.

Niðurstaða. Umhverfisstofnun telur að meta þurfí að nýju hvort fyrirhuguð uppbygging á Hvervöllum sé í samræmi við markmið stjórnvalda um uppbyggingu á hálandi Íslands og ekki síður hvernig unnt verði að standa að mannvirkjagerð á hálandinu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um óbyggðaupplifun á hálandinu. Stofnunin telur einnig umfjöllun um möguleg áhrif á hverasvæðið vera ábótavant auk þess sem meta þarf álag af völdum ferðamanna á hið viðkvæma svæði sem Hveravellir er. Stofnunin vísar hér til meginreglu í lögum um náttúruvernd þar sem segir að meta skuli áhrif á náttúru svæðis út frá heildará lagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir.

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri